

Dagný Hauksdóttir
Skipulags- og umhverfisfulltrúi
Vestmannaeyjabær
Ráðhúsinu
900 Vestmannaeyjabær

Garðabær, 20. desember 2023
Málsnúmer: 202311-0036
IAS

Efni: Umsögn um brýna framkvæmd vegna mögulegrar neyðarlagfæringar á vatnsleiðslu

Við er í tölvubréf frá Skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar, dags. 18. desember, þar sem óskað er umsagnar vegna brýnnar framkvæmdar til að undirbúa mögulega neyðarlagfæringu á vatnsleiðslu til Vestmannaeyja.

Vegna skemmda lekur vatnslögnin til Vestmannaeyja og er mögulegt að hún fari alveg í sundur þannig að vatn hætti að berast og hafa Vestmannaeyjar þess vegna verið settar á hættustig. Til að undirbúa að viðgerðir geti gengið hratt fyrir sig vill Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra hefja jarðvegsvinnu á landi áður en lögnin rofnar. Besti kostur fyrir landtöku neyðarvatnslagnar er Gjábakkafjara og að síðan eftir fjörunni til vesturs og í gegnum Brimnes, berghaft sem gengur í sjó fram.

Brimnes nýtur hverfisverndar, það er innan svæðis á náttúruminjaskrá, það er innan mikilvægs fuglasvæðis auk þess sem það nýtur verndar sem nútímahraun skv. 61. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér málið og kemur með eftirfarandi athugasemdir og ábendingu.

Nú er í umsagnarferli skipulagslýsing og tillaga um breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna Vestmannaeyjalína 4 og 5 (VM4 og VM5) og þar er leið 2A, sem liggur eftir Gjábakkafjöru og í gegnum Brimnes til skoðunar. Í frumgreiningu valkosta er sú leið talin óhentug, erfitt hafi verið að bora í Brimnesið þegar Vestmannaeyjalína 3 (VM3) var lögð og aðgerðin sé áhættusöm vegna nálægðar við VM3, nálægðar við efnistökusvæði auk þess sem líklegt sé að landið verði mótað síðar vegna fyrirhugaðrar stórskipahafnar.

Náttúrufræðistofnun leggst ekki gegn því að Brimnesið verði rofið til að koma neyðarvatnslögn þar í gegn en leggur til að skoðað verði hvort ekki komi til greina að gera þá líka ráð fyrir að VM4 og VM5 fari þar í gegn. Þannig mætti koma í veg fyrir rask á nútímahrauni, hverfisverndarsvæði og svæði á náttúruminjaskrá sem yrði ef VM4 og VM5 yrðu lagðir eftir leiðum 1A eða 1B.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

